

Alþingi
Erindi nr. P 140/1113
komudagur 20. 2. 2012

Reykjavík 20. febrúar 2012.

Nefndasvið Alþingis

Austurstræti 8-10

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um menningarminjar

Þegar frumvarp til laga um menningarminjar var lagt fram á Alþingi árið 2011 gerðu flestar ef ekki allar stofnanir og fagfélög samfélagsins sem fjalla um menningarminjar athugasemdir við einstaka liði þess. Frumvarpið hefur nú verið endurskoðað með hliðsjón af athugasemdum og tekið hefur verið tilliti til sumra þeirra en aðrar hafa ekki náð fram að ganga.

Að frumkvæði íslensku ICOMOS- nefndarinnar hafa nokkrar stofnanir og fagfélög nú ákveðið að standa saman að umsögn um frumvarpið í þeirri mynd sem það hefur nú. Þetta er gert í þeim tilgangi að samræma sjónarmið og efla samstöðu um þær breytingatillögur sem mestu máli skipta.

Það er von okkar að vægi umsagnarinnar verði meira þegar að henni stendur jafn breiður hópur og raun ber vitni. Ástæða er til að ætla að betri sátt muni verða um löggjöf sem fellur að sameiginlegum sjónarmiðum þess fagfólks sem starfar eftir lögunum.

Fyrir hönd íslensku ICOMOS- nefndarinnar


Hjörleifur Stefánsson

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10

150 Reykjavík

Efni: Umsögn um Þingskjal 370 – 316. mál, Frumvarp til laga um menningarminjar

Eftirtaldir stofnanir og félög sem öll starfa að minjavörslu;

Námsbraut í fornleifafræði við Háskóla Íslands, Fornleifavernd ríkisins, Félag Íslenskra fornleifafræðinga, Fornleifafræðingafélag Íslands, Húsafríðunarnefnd og Íslenska ICOMOS-nefndin; fagna megininntaki frumvarps til laga menningarminjar (Þingskjal 370 – 316. mál) og telja að með því verði stigið skref í rétta átt.

Við mælum þó eindregið með því að gerðar verði ýmsar breytingar á lagafrumvarpinu. Breytingarnar hreyfa ekki við meginefni þess en eru engu að síður til þess fallnar að gera lögin skýrari og draga hreinni línur milli þeirra stofnana sem fást við minjavörslu.


Hér að neðan er lagafrumvarpið með þeim breytingum sem lagðar eru til. Gerð er grein fyrir ástæðum breytinganna í stuttum neðanmálgreinum.

Reykjavík 20. febrúar 2012

Fyrir hönd námsbrautar í fornleifafræði við
Háskóla Íslands,


Dr. Orri Vésteinsson prófessor


Fyrir Hönd Fornleifaverndar ríkisins,


Dr. Kristín Huld Sigurðardóttir forstöðumaður

Fyrir hönd Félags Íslenskra fornleifafræðinga,


Elin Ósk Hreiðarsdóttir fornleifafræðingur

Fyrir hönd Fornleifafræðingafélags Íslands


Ármann Guðmundsson fornleifafræðingur

Fyrir hönd Húsafríðunarnefndar,


Nikulás Úlfar Mátsson forstöðumaður

Fyrir hönd Íslensku ICOMOS-nefndarinnar,


Hjörleifur Stefánsson

Frumvarp til laga

um menningarminjar.

(Lagt fyrir Alþingi á 140. löggjafarþingi 2011–2012.)

Með þeim breytingum sem ofantaldir aðilar leggja til

1. ÞÁTTUR

Almenn ákvæði.

I. KAFLI

Tilgangur og skilgreiningar.

1. gr.

Tilgangur.

Tilgangur laga þessara er að stuðla að verndun menningarminja og tryggja að íslenskum menningararfi verði skilað óspilltum til komandi kynslóða.

Menningarminjar teljast ummerki um sögu þjóðarinnar, svo sem fornminjar, menningar- og búsetulandslag, kirkjugripir og minningarmörk, hús og önnur mannvirki, skip og bátar, samgöngutæki, listmunir og nytjahlutir, svo og myndir og aðrar heimildir um menningarsögu þjóðarinnar. Lög þessi ná einnig til staða sem tengjast menningarsögu.

Lög þessi eiga að tryggja eftir föngum varðveislu menningarminja í eigin umhverfi, auðvelda aðgang og kynni þjóðarinnar af menningarminjum og greiða fyrir rannsóknum á þeim.

2. gr.

Þjóðminjar og þjóðarverðmæti.

Þjóðminjar teljast jarðfastar minjar, lausir gripir eða hlutir sem eru einstakir og hafa sérstaka merkingu og mikilvægi fyrir menningarsögu Íslands. Jarðfastar þjóðminjar skulu vera friðaðar og friðunarkvöðinni þinglýst en gripir eða hlutir sem teljast þjóðminjar skulu varðveittir í¹ þjóðminjasafni Íslands eða á vegum þess í viðurkenndum söfnum.

Til þjóðarverðmæta teljast hvers konar munir, gripir, myndir, skjöl, handrit og bækur í

¹ Hér og víðar í frv. er lagt til að gerður verði skýrari greinarmunur á friðun annarsvegar og þjóðminjum hinsvegar en í núgildandi lögum er talað um friðun og friðlýsingu en sú hugtakanotkun hefur valdið ruglingi og merkingarskriði.

AG RAS
EH minn
OV H.S.

eigu opinberra stofnana, fyrirtækja, félagasamtaka eða einstaklinga sem hafa sérstaka þýðingu fyrir íslenska þjóðmenningu.

Ráðherra getur ákveðið að einstakir hlutir í eigu einkaaðila teljist þjóðarverðmæti í merkingu laga þessara.

3. gr.

Fornminjar.

Fornminjar samkvæmt lögum þessum eru annars vegar forngrípír og hins vegar fornleifar.

Forngrípír eru lausamunir frá árinu 1900² eða eldri sem menn hafa notað eða mannaverk eru á og fundist hafa í eða á jörðu eða jökli, í vatni eða sjó. Skip og bátar frá því fyrir 1950 teljast til forngrípa. Til forngrípa teljast einnig leifar af líkómum manna og hræjum dýra sem finnast í fornleifum, svo sem fornum haugum, dysjum og leiðum.

Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru frá árinu 1900 eða eldri, svo sem:

- a. búsetulandslag, skrudgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,
- c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,
- d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,
- e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,
- f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,
- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,
- h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,
- i. skipsflök eða hlutar þeirra.

Fornminjar njóta friðunar nema annað sé ákveðið af Minjastofnun Íslands.

Yngri minjar en frá 1900 sem vitna um horfna atvinnuhætti, efnisnotkun, tækni eða mikilvæga atburði í þjóðarsögunni, svo sem stríðsminjar, samgönguminjar og iðnminjar, skal einnig friða samkvæmt nánari ákvörðun Minjastofnunar Íslands.³

² Álitamál er hvort miða eigi við ártalið 1900 eða við gripi sem orðnir eru 100 ára. Mikilvægt er að sama viðmiðun gildi um fornleifar, forngrípi, hús og önnur mannvirki.

³ Hér er lögð til viðbót. Mikilvægt er að hægt sé að tryggja varðveislu yngri minja. Kveðið á um að yngri minjar skuli friða skv. nánari ákvörðun Minjastofnunar.

A. B. K. H. S.
E. H. M. M. M.
O. V. H. S.

4. gr.

Byggingararfur.

Til byggingararfs samkvæmt lögum þessum teljast hús, mannvirki og einstakir hlutar þeirra, sem hafa menningarsögulegt, vísindalegt eða listrænt gildi, svo sem:

- a. stök hús eða hlutar þeirra og húsasamstæður, hvort sem er til íbúðar eða menningar- og atvinnustarfsemi í þéttbýli eða dreifbýli, húsaþyrpingar og götummyndir,
- b. kirkjur og bænhús, ásamt tilheyrandi mannvirkjum, svo sem klukkuturnum, garðhleðslum og sáluhliðum, klaustur, samkomuhús, skólahús og nánasta umhverfi þeirra, aðrar opinberar byggingar, íþróttamannvirki og sundlaugar,
- c. brýr og hvers konar samgöngumannvirki, virkjanir, stíflur, dælustöðvar og önnur orkumannvirki, hafnarmannvirki, vind- og vatnsmyllur, vitar, slippir, hjallar, manngerðir hellar og réttir.

5. gr.

Friðun

Friðun felur í sér lögbundna verndun fornminja, húsa og mannvirkja. Friðun hefur alltaf í för með sér kvöð um að viðkomandi minjar falli undir lög um menningarminjar.⁴

6. gr.

Fornleifauppgröftur

Fornleifauppgröftur er rannsókn á fornleifum sem hefur jarðrask í för með sér eða með einhverjum hætti hróflar við, breytir þeim eða nemur þær burt.⁵ Rannsókn með málmleitartæki er fornleifauppgröftur ef hún felur í sér að grafið er eftir fornminjum og er hún leyfisskyld sbr. 36. gr.

2. ÞÁTTUR

Skipulag.

II. KAFLI

Stjórnarsýsla.

7. gr.

Yfirstjórn og framkvæmd.

Ráðherra fer með yfirstjórn verndunar og vörslu menningarminja í landinu. Minjastofnun Íslands, sem er sérstök ríkisstofnun undir yfirstjórn ráðherra, annast framkvæmd hennar.

Fornminjanefnd og húsafriðunarnefnd eru Minjastofnun Íslands til ráðgjafar.

Minjastofnun Íslands gerir tillögu til ráðherra um heildarstefnu og langtímaáætlun um verndun og varðveislu menningarminja í samráði við höfuðsöfn sem skilgreind eru

⁴ Einföldun á orðalagi til að draga skýrar fram aðalatriði málsins.

⁵ Nauðsynlegt er að sérstakar reglur gildi um fornleifauppgröft umfram aðar rannsóknir á fornleifum vegna þess að uppgröftur er óafturkræfur og krefst af þeim sökum sérstakrar varúðar og eftirlits.

AG KKS
EH Múu
N H-S

samkvæmt safnalögum, svo og önnur helstu söfn og stofnanir sem vinna að varðveislu menningarminja.⁶

8. gr.

Fornminjanefnd.

Ráðherra skipar fornminjanefnd til fjögurra ára í senn. Félög fornleifafræðinga tilnefna einn fulltrúa, Námsbraut fornleifafræða við H.Í tilnefnir einn og Samband íslenskra sveitarfélaga tilnefnir einn fulltrúa.⁷ Ráðherra skipar tvo fulltrúa án tilnefningar og skal annar þeirra vera formaður en varaformaður skal skipaður úr hópi nefndarmanna. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Ekki er heimilt að skipa sama mann aðalmann lengur en tvö samfelld starfstímabil.

Fornminjanefnd hefur eftirfarandi hlutverk:

- a. að vinna að stefnumörkun um verndun fornminja ásamt Minjastofnun Íslands.
 - b. að fjalla um tillögur stofnunarinnar um að taka fornleifar eða minjasvæði á þjóðminjaskrá og um afnám fornleifa og minjasvæða af skránni samkvæmt ákvæðum laga þessara áður en þær eru sendar ráðherra,
 - c. að setja fornminjasjóði úthlutunarreglur sem ráðherra staðfestir,
 - d. að veita umsögn um styrkumsóknir úr fornminjasjóði,
 - e. að sinna öðrum verkefnum sem henni kunna að vera falin samkvæmt lögum.
- Forstöðumaður Minjastofnunar Íslands og sviðsstjóri sitja fundi fornminjanefndar stöðu sinnar vegna.⁸

Kostnaður af starfsemi fornminjanefndar greiðist úr fornminjasjóði.

9. gr.

Húsafriðunarnefnd.

Ráðherra skipar húsafriðunarnefnd til fjögurra ára í senn. Arkitektafélag Íslands tilnefnir einn fulltrúa, Íslandsdeild Alþjóðaráðs um minnisvarða og sögustaði (ICOMOS) einn fulltrúa og Samband íslenskra sveitarfélaga tilnefnir einn fulltrúa.⁹ Ráðherra skipar tvo fulltrúa án tilnefningar og skal annar þeirra vera formaður en varaformaður skal skipaður úr hópi nefndarmanna. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Ekki er heimilt að skipa sama mann aðalmann lengur en tvö samfelld starfstímabil.

Húsafriðunarnefnd hefur eftirfarandi hlutverk:

- a. að vinna að stefnumörkun um verndun byggingararfs ásamt Minjastofnun Íslands,

⁶ Óheft notkun málmleitarækja er áhyggjuefni og nauðsynlegt að taka skýrt fram að þeir sem nota slík tæki eru leyfisskyldir ef þeir hyggja á uppgröft.

⁷ Gerð er tillaga um að Námsbraut í fornleifafræði við H.Í. skipi fulltrúa í stað Félags norrænna forvarða-Íslandsdeild enda sé nauðsynlegt að vísindaleg viðhorf eigi fulltrúa í nefndinni sem fjallar m.a. um styrki til vísindarannsóknna.

⁸ Til samræmis við það markmið að draga sem skýrust mörk milli hlutverka þjóðminjasafns og Minjastofnunar er lagt til að forstöðumaður Minjastofnunar sitji fundi fornleifanefndar en ekki forstöðumaður þjóðminjasafns. Þjóðminjasafns Íslands gæti hugsanlega sótt um styrk til sjóðsins og forstöðumaður safnsins getur ekki setið fundi þar sem fjallað er um styrkumsóknir til hans.

⁹ Lagt er til á ICOMOS tilnefni fulltrúa í stað þess að þrjú félög, ICOMOS, ICOM og FÍSOS tilnefni öll saman einn fulltrúa. ICOMOS eitt þessara þriggja samtaka fjallar sérstaklega um minjar og minjavörslu. ICOMOS er opið þeim félögum ICOM og FÍSOS sem hafa áhuga á að sinna minjavörslu.

AG
EH
H.S.

- b. að fjalla um tillögur stofnunarinnar um að taka hús og mannvirki á þjóðminjaskrá og um, afnám húsa og mannvirkja af skránni samkvæmt ákvæðum laga þessara áður en þær eru sendar ráðherra,
- c. að setja húsafriðunarsjóði úthlutunarreglur sem ráðherra staðfestir,
- d. að veita umsögn um styrkumsóknir úr húsafriðunarsjóði,
- e. að sinna öðrum verkefnum sem henni kunna að vera falin samkvæmt lögum.
- Forstöðumaður Minjastofnunar Íslands og sviðsstjóri sitja fundi húsafriðunarnefndar stöðu sinnar vegna.¹⁰

Kostnaður af starfsemi húsafriðunarnefndar greiðist úr húsafriðunarsjóði.

10. gr.

Minjasvæði og minjaráð.

Landinu er skipt í minjasvæði eftir ákvæðum í reglugerð sem ráðherra setur að fengnum tillögum Minjastofnunar Íslands.

Á hverju minjasvæði starfar minjaráð. Minjaráð er samráðsvettvangur hvers minjasvæðis, sem ætlað er að fjalla um menningarminjar, varðveislu þeirra og nýtingu í þágu samfélagsins í samráði við Minjastofnun Íslands og höfuðsöfn.

Minjavörður stjórnar fundum minjaráðs, en auk hans geta fulltrúar samtaka sveitarfélaga og skipulagsyfirvalda á minjasvæðinu og forstöðumenn viðurkenndra safna átt sæti í ráðinu. Heimilt er að bjóða fulltrúum annarra hagsmunaaðila á minjasvæðinu sæti í minjaráði.

Í reglugerð má setja nánari fyrirhætti um störf og starfshætti minjaráða.

III. KAFLI

Minjastofnun Íslands.

11. gr.

Hlutverk.

Minjastofnun Íslands er stjórnarsýslustofnun sem annast framkvæmd minjavörslu í samræmi við ákvæði þessara laga. Hlutverk stofnunarinnar er að:

- a. hafa eftirlit með fornminjum¹¹ í landinu, friðuðum minjum og friðuðum húsum og mannvirkjum,
- b. vinna að stefnumörkun um verndun fornleifa, friðaðra minja og byggingararfs ásamt fagnefndum,
- c. setja reglur um og hafa yfirumsjón með skráningu friðaðra fornminja, húsa og mannvirkja,
- d. halda heildarskrár um fornleifar og friðaðar minjar, friðaða legsteina og minningarmörk og friðuð hús og mannvirki, einnig sérstaka skrá um þjóðminjar, báta og skip eldri en 1950 og kirkjugripi¹².
- e. gera tillögur til ráðherra um hvaða minjar skuli teljast þjóðminjar.
- f. setja reglur og skilyrði um fornleifauppgröft og hafa eftirlit með slíkum

¹⁰ Sjá neðanmálgrein 8. Sömu rök gilda hér.

¹¹ Fornminjar er víðara hugtak en fornleifar. Minjastofnun á að hafa eftirlit bæði með fornleifum og forngrípum.

¹² Rökrétt er að fela Minjastofnun umsjá kirkjugripa sem enn eru í kirkjum landsins. Þeir ættu hins vegar að falla til þjóðminjasafns Íslands þegar kirkja er lögð niður.

AG
EH
OV H.S.

rannsóknnum.¹³

- g. fjalla um og veita leyfi til stað- og tímabundinna fornleifaruppgrافتa.
- h. framkvæma nauðsynlegar rannsóknir, til að staðfesta umfang og eðli minja og aðrar skyndirannsóknir.¹⁴
- i. hafa eftirlit með og annast leyfisveitingar vegna flutnings menningarminja til annarra landa,
- j. úthluta úr fornminjasjóði og húsafriðunarsjóði að fengnum umsögnum fagnefnda og annast umsýslu þeirra,
- k. hafa eftirlit með framvindu verkefna sem fá styrk úr sjóðunum,¹⁵
- l. annast framkvæmd laga um skil á menningarverðmætum til annarra landa,
- m. setja á fót minjaráð á hverju minjasvæði og bera ábyrgð á starfsemi þeirra,
- n. hafa umsjón með húsasafni ríkisins.¹⁶
- o. leitast við að veita upplýsingar og bæta aðgengi almennings að þjóðminjum og öðrum minjastöðum og mannvirkjum sem ástæða þykir til að vekja sérstaka athygli á.¹⁷
- p. annast önnur verkefni samkvæmt ákvörðun ráðherra.

12. gr.

Forstöðumaður.

Ráðherra skipar forstöðumann Minjastofnunar Íslands til fimm ára í senn. Skipaður skal maður með háskólamenntun á framhaldsstigi og staðgóða þekkingu á starfssviði stofnunarinnar. Forstöðumaður stjórnar starfsemi og rekstri hennar. Hann ræður starfsmenn stofnunarinnar og er í fyrirsvari fyrir hana.¹⁸

13. gr.

Fagsvið og minjavörðir.

Minjastofnun Íslands skal skipt í fagsvið. Yfir hverju sviði starfar sviðstjóri. Sviðstjórar skulu hafa háskólamenntun og sérþekkingu á viðkomandi sviði. Forstöðumaður MÍ ræður sviðstjóra.¹⁹

¹³ Ekki er talin þörf á því að Minjastofnun Íslands hafi eftirlit með öðrum rannsóknum en þeim sem hafa í för með sér eyðingu fornleifa, þ.e.a.s. fornleifagrefti.

¹⁴ Skýrara og einfaldara orðalag en efnislega er liðurinn óbreyttur.

¹⁵ Hér er fellt út ákvæði um „að ákveða aðra ráðstöfun fjár úr fornminjasjóði og húsafriðunarsjóði í samráði við húsafriðunarnefnd og fornminjanefnd,“ Mörk milli þeirrar úthlutunar sem nefndin fjallar um og þess sem stofnunin ákveður eru óljós.

¹⁶ Húsasafnið sem nú heyrir undir Þjóðminjasafn Íslands verður eftir gildistöku laganna á forsjá Minjastofnunar. Byggingararfurinn er viðfangsefni hennar.

¹⁷ Ástæða er til að hnykkja á miðlunarhlutverki og upplýsingaskyldu MÍ.

¹⁸ Ef embættisheitið *Þjóðminjavörður* verður áfram notað ætti yfirmaður Minjastofnunar Íslands að bera það.

Venja er að gera greinarmun á *minjavörðum* (sem sjá um útminjar) og *safnvörðum* (sem sjá um innminjar). Þetta er í samræmi við það hvernig málum er háttað á hinum Norðurlöndunum, en þar fer *Riksantikvar* með þau málefni sem Minjastofnun er ætlað að sinna hérlendis. Heppilegast virðist að leggja stafsheitið niður tímundið a.,k. og og yfirmaður Þjóðminjasafns kallast *safnstjóri* og yfirmaður Minjastofnunar *forstöðumaður*.

¹⁹ Í upphaflegum drögum að frumvarpi um nýja skipan minjavörslunnar var gert ráð fyrir skiptingu Minjastofnunar í fagsvið. Þetta er lykilatíðni í faglegri vinnu sem stofnuninni er ætlað að inna af hendi.

AG
EH
OV H.S.

Minjaverðir eru starfsmenn Minjastofnunar Íslands. Þeir hafa umsjón með minjasvæðum og sinna þeim verkefnum sem undir stofnunina heyra samkvæmt nánari fyrirmælum forstöðumanns. Minjaverðir skulu hafa háskólamenntun á framhaldsstigi og sérþekkingu á einhverju þeirra fagsviða sem undir stofnunina falla.²⁰

14. gr.

Gjaldtökuheimild.

Minjastofnun Íslands er heimilt að taka gjald fyrir leyfisveitingar og ýmsa ólögbundna þjónustu, þar á meðal fyrir ráðgjöf, veitta sérfræðiþjónustu, afritun gagna og námskeiðahald.

Stofnunin birtir gjaldskrá um gjaldtöku samkvæmt þessari grein.²¹

3. ÞÁTTUR

Verndun og varðveisla menningarminja.

IV. KAFLI

Skráning fornleifa, húsa og annarra mannvirkja.

15. gr.

Skráning og skil á gögnum.

Minjastofnun Íslands hefur yfirumsjón með skráningu fornleifa og friðaðra húsa og mannvirkja. Minjastofnun Íslands setur reglur um skráningu fornleifa og friðaðra húsa og mannvirkja og skil á gögnum þar að lútandi.²²

Stofnunin heldur heildarskrár yfir allar þekktar fornleifar og friðuð hús og mannvirki á landinu. Stofnunin birtir skrárnar og skulu þær vera öllum aðgengilegar á miðlægum gagnagrunni.

Minjastofnun Íslands er heimilt að fela tilteknum einstaklingum eða stofnunum er búa yfir sérþekkingu og reynslu á sviði skráningar fornleifa, húsa og mannvirkja afmörkuð könnunar- og skráningarstörf fyrir stofnunina.

²⁰ Hér er tekið út ákvæði um að gera megi þjónustusamning milli MÍ og Þjóðminjasafns. Það samrýmist ekki eðlilegum stjórnsýsluháttum að starfsmenn eftirliststofnunar vinni fyrir aðra stofnun sem hún á að hafa eftirlit með (t.d. varðandi fornleifarannsóknir). Vætanlega snýst þetta ákvæði um það að fela megi minjavörðum eftirlit með húsasafninu og kirkjugripum sem verða í umsjá Þjóðminjasafns Íslands samkvæmt frumvarpinu. Miklu eðlilegra er að bæði húsasafn (byggingararfur) og kirkjugripir (útíminjar) færist undir umsjá þeirrar stofnunar sem minjaverðir starfa á, þ.e. Minjastofnunar Íslands.

²¹ Mikilvægt er að gjaldskrá stofnunarinnar verði ekki til að hamla eða torvelða rannsóknir sem þegar eru erfitt að fjármagna.

²² Hér felit út orðið *fríðlýstur* í samræmi við þá tillögu að þetta hugtak skuli felld burt úr lögnum. Sá athugasemdir við greinar 18 og 19. 6. mgr hér gerð að 2. mgr. enda gerir hún 4. og 5. gr (að hluta) óþarfar og eru þær felldar niður.

AG
EH
OV H.S.

Minjastofnun Íslands staðfestir að fornleifa-, húsa- og mannvirkjaskráning sem gerð er vegna skipulagsáætlana sbr. 16. gr. fullnægi þeim kröfum sem stofnunin gerir til slíkra skráninga.²³

16. gr.

Skráning vegna skipulags og undirbúnings framkvæmda.

Skylt er að fornleifa-, húsa-, og mannvirkjaskráning fari fram áður en gengið er frá svæðisskipulagi, aðalskipulagi eða deiliskipulagi. Minjastofnun Íslands ákveður reglur um lágmarkskröfur sem gerðar eru til skráningar fyrir hvert skipulagsstig.²⁴

Sá sem ber ábyrgð á skipulagsgerð í samræmi við skipulagslög skal standa straum af kostnaði við skráninguna. Ríkissjóður skal þó bera kostnað af fornleifaskráningu sem fram fer innan þjóðlendu nema um annað hafi verið samið. Skulu skipulagsyfirvöld hafa samráð við Minjastofnun Íslands um tilhögun skráningar eða endurskoðun á fyrri fornleifa-, húsa- og mannvirkjaskrárm með hliðsjón af fyrirhuguðum breytingum á skipulagi. Óheimilt er að veita leyfi til framkvæmda án þess að staðfest fornleifa-, húsa- og mannvirkjaskráning liggja fyrir.²⁵ Þegar sérstaklega stendur á getur Minjastofnun Íslands veitt undanþágu fyrir framkvæmdum með tilteknum skilyrðum.

Skipulagsyfirvöld skulu tilkynna Minjastofnun Íslands um gerð skipulagsáætlana og verulegar breytingar á þeim og um gerð skýrslna um mat á umhverfisáhrifum.

Skylt er að heimila þá för um landareign sem nauðsynleg getur talist við framkvæmd skráningar sem gerð er fyrir opinbera aðila. Ber að sýna landeiganda tillitssemi og valda ekki raski eða ónæði að þarflausu.

17. gr.

Miðlun upplýsinga.

Minjastofnun Íslands miðlar upplýsingum úr fornleifa-, húsa- og mannvirkjaskrárm og veitir aðgang að gögnum í vörslu stofnunarinnar. Ef gögnin eru unnin utan stofnunarinnar skal getið uppruna þeirra.

Heimilt er að veita afnot af öllum upplýsingum á sviði fornleifa-, húsa- og mannvirkjaskráningar sem eru í vörslu Minjastofnunar Íslands að því tilskildu að uppruna sé getið og áreiðanleika upplýsinga sé ekki stefnt í tvísýnu.

²³ Umorðun á inntaki 5. mgr.

²⁴ Mjög mikilvægt er að tryggja eftir því sem unnt er að fornleifaskráning fari alltaf fram við gerð skipulagsáætlana og að umfang og eðli skráningar fari eftir því skipulagsstigi um um er að ræða hverju sinni.

²⁵ Skýrara orðalag.

AG
EH
OV
MUN
H.S.

V. KAFLI
Þjóðminjar og friðun menningarminja

18. gr.
*Friðun*²⁶

Allar fornleifar og hús sem eru frá 1900 og eldri eru friðaðar. Ekki er skylt að tilkynna eiganda um friðun eða afnám friðunar vegna aldurs. Minjastofnun Íslands ákveður friðun yngri minja, húsa og mannvirkja eða hluta þeirra sem hafa menningarsögulegt, vísindalegt eða listrænt gildi. Minjastofnun Íslands getur ákveðið að fella niður friðun minja óháð aldri þeirra.

Þegar ákveðið er að friða yngri minjar eða fella niður friðun skal Minjastofnun Íslands með sannanlegum hætti tilkynna það landeiganda, húseiganda, hlutaðeigandi lögreglustjóra og bæjar- eða sveitarstjórn og tekur friðunin þá gildi. Stofnunin skal gera drög að friðunarskilmálum og leggja fyrir landeigendur, húseigendur, viðkomandi sveitarfélög og aðra sem hagsmuna eiga að gæta.

Friða má samfelld svæði þar sem fleiri en einn minjastaður telst hafa sérstakt menningarsögulegt gildi. Einnig má friða samstæður húsa sem hafa sama gildi og að framan greinir og gilda þá reglur friðunar um hvert einstakt þeirra jafnt sem heildina.

Minjastofnun Íslands skal hafa samráð við skipulagsyfirvöld þess landsvæðis sem menningarminjar tilheyra þegar fjallað er um friðun þeirra.

Friðun húsa og mannvirkja og friðun kirkna sem ákveðin hefur verið á grundvelli eldri laga heldur gildi sínu.²⁷

19. gr.
Þjóðminjar og þjóðminjaskrá

Minjastofnun Íslands heldur sérstaka skrá yfir þjóðminjar. Á þjóðminjaskrá eru á hverjum tíma þær minjar sem eru einstakar og hafa sérstaka merkingu og mikilvægi fyrir menningarsögu Íslands sbr. 2. grein.

Ráðherra ákveður hvaða minjar skuli teljast þjóðminjar að fengnum tillögu Minjastofnunar Íslands. Ráðherra ákveður einnig að fengnum tillögum Minjastofnunar Íslands hvort minjar skuli teknar af þjóðminjaskrá. Tillögur um að setja minjar á þjóðminjaskrá eða taka af henni skal Minjastofnun Íslands með sannanlegum hætti kynna landeiganda, húseiganda, hlutaðeigandi lögreglustjóra og bæjar- eða sveitarstjórn áður en tillagan er send ráðherra. Ákvörðun ráðherra um að viðkomandi minjar teljist þjóðminjar skal þinglýsa.²⁸ Ákvörðun um að minjar skuli teljast þjóðminjar og þegar minjar eru felldar af þjóðminjaskrá skal ráðuneytið auglýsa í B-deild Stjórnartíðinda.

²⁶ Breytingar sem hér eru gerðar fjölmargar lúta að því að hugtakið *friðlýsing* er felld burtu en *þjóðminjar* er notað um þær minjar sem mikilverðastar eru taldar. Minjastofnun Íslands ákveður friðun en ráðherra ákveður hvort minjar skuli teljast þjóðminjar.

²⁷ Ýmis efnisatriði eru færð á milli greina 18. og 19.

²⁸ Breytt til samræmis því sem tíðkast í nágrannalöndum okkar. Minjastofnun getur ákveðið friðun en ráðherra tekur ákvörðun um minjar á þjóðminjaskrá að fenginni tillögu Minjastofnunar.

AG
EH
OV
H.S.

Staðsetning þjóðminja skal færð inn á rafrænan kortagrunn og tilgreind á skipulagskort. Þinglýsingarstjóri skal tilkynna Minjastofnun Íslands ef þinglesin eru eigendaskipti að mannvirki sem er á þjóðminjaskrá eða landareign sem á eru þjóðminjar. Heimilt er að lækka eða fella niður fasteignagjöld af þjóðminjum. Friðlýsing fornleifa sem ákveðin hefur verið á grundvelli eldri laga heldur gildi sínu og slíkar minjar kallst þjóðminjar.

20. gr.
*Skyndifriðun.*²⁹

VI. KAFLI
Verndun og varðveisla fornminja.

21. gr.
Verndun fornleifa.

Fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs og þeim sem friðaðar eru af öðrum ástæðum má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.

Eigendur og ábúendur jarða skulu hlúa að fornleifum á landareignum sínum og viðhalda umhverfi þeirra eftir því sem sanngjarnt getur talist. Minjastofnun Íslands er skylt að veita ráðgjöf og leiðbeiningar í því sambandi.

Minjastofnun Íslands gerir nauðsynlegar ráðstafanir til verndar fornleifum, viðhalds eða endurbóta, en áður skal gera landeiganda eða ábúanda viðvart um þær. Ef nauðsyn krefur lætur Minjastofnun Íslands rannsaka fornleifar með uppgreftri eða á annan hátt.

Þjóðminjum skal viðhaldið á kostnað ríkisins. Minjastofnun Íslands ber ábyrgð á þjóðminjum og semur verk- og fjárhagsáætlun um viðhald þeirra.

22. gr.
Friðhelgun og merkingar.

Fornleifum og friðuðum minjum fylgja 15 metra friðhelgað svæði út frá ystu sýnilegu mörkum þeirra og umhverfis nema kveðið sé á um annað. Þjóðminjum fylgja 100 metra friðhelgunarsvæði nema annað sé ákveðið. Hvers konar röskun, byggingarframkvæmdir

²⁹ Þessa grein má fella burt í heild sinni. Mí hefur ákvörðunarvald um friðun og slík friðun tekur gildi þegar hlutaðeigendum hefur verið tilkynnt um hana. Skyndifriðun eins og hér er skilgreind er ekki fljótlegri - í raun sama aðgerð.

AG
EH
OV H.S.

eða aðrar framkvæmdir á friðhelguðu svæði umhverfis friðaðar fornleifar og þjóðminjar eru óheimilar án leyfis Minjastofnunar Íslands.³⁰

Minjastofnun Íslands skal sjá til þess að þjóðminjar séu auðkenndar með sérstökum merkjum. Ekki er heimilt að setja upplýsingaskilti eða merkingar við friðaðar minjar án skriflegs leyfis Minjastofnunar Íslands.³¹

23. gr.

Fornleifar í hættu.

Hver sá sem verður var við að fornleifar liggi undir skemmdum skal gera Minjastofnun Íslands viðvart án tafar.

Ef fyrirsjáanlegt er að minjastaður spillist vegna breyttrar landnotkunar eða framkvæmda skal framkvæmdaraðili eða viðkomandi sveitarfélag gera Minjastofnun Íslands viðvart með sannanlegum hætti með minnst fjögurra vikna fyrirvara áður en áætlaðar framkvæmdir hefjast og lýsa þeim breytingum er af framkvæmd mun leiða.

Minjastofnun Íslands ákveður að undangenginni vettvangskonnum hvort frekari rannsóknar er þörf, hvort fornleifarnar skuli standa og friðunin gilda áfram³² eða hvort fornleifarnar megi víkja og þá með hvaða skilmálum. Óheimilt er að veita leyfi til framkvæmda fyrr en ákvörðun Minjastofnunar Íslands liggur fyrir.

Stofnunin skal hafa samráð við Umhverfisstofnun þegar fjallað er um blandaðar minjar, þ.e. menningarminjar sem einnig teljast til náttúruminja.

24. gr.

Áður ókunnar fornminjar.

Finnist fornminjar sem áður voru ókunnar, t.d. undir yfirborði jarðar, sjávar, vatns eða í jökli, skal skýra Minjastofnun Íslands frá fundinum svo fljótt sem unnt er. Sama skylda hvílir á landeiganda og ábúanda er þeir fá vitneskju um fundinn.

Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskonnum umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verk megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands sbr. 28. gr.

Minjastofnun Íslands er heimilt að stöðva framkvæmdir í allt að fimm virka daga meðan rannsókn fer fram hafi stofnunin rökstuddan grun um að fornminjar muni skaðast vegna framkvæmda. Verði ekki orðið við fyrirmælum stofnunarinnar um stöðvun framkvæmda er henni heimilt að leita atbeina lögreglu ef með þarf til að framfylgja þeim og beita dagsektum í því skyni, sbr. 55. gr.

25. gr.

Afnám friðunar.

Minjastofnun Íslands er heimilt að afnema friðun fornleifa sem byggist á aldursákvæðum þessara laga og friðun sem hún hefur ákveðið sérstaklega.

³⁰ Breytt efnisröð og hugtök en efnislega óbreytt

³¹ Skýrara orðalag.

³² Hér er felld burt setningin: *hvort gera skuli tillögu um friðlýsingu.* Fornleifar eru allar friðaðar

A.G. K. K.
E.H. M. M.
O.V. H.S.

26. gr.

Fundur forngripa.

Þegar forngripir finnast skal Minjastofnun Íslands tilkynnt um fundinn án tafar. Óheimilt er að haggja við fundinum eða fjarlægja lausa hluti úr honum nema brýna nauðsyn beri til. Stofnunin ákveður hvort frekari rannsókna er þörf á vettvangi.

Allir gripir sem grein þessi fjallar um eru eign ríkisins. Skulu þeir afhentir Þjóðminjasafni Íslands eins fljótt og unnt er.

27. gr.

Greiðslur fyrir forngrípafund.

Finnist forngripur á annan hátt en við fornleifarannsókn á finnandi rétt á greiðslu úr ríkissjóði vegna útgjalda sem hann hefur haft vegna fundarins.

Nú finnst forngripur úr eðalmálmum eða eðalsteinum, þar á meðal gull- eða silfurpeningar, og skal þá Þjóðminjasafn Íslands meta verðgildi gripsins. Skal annar helmingur fjárhæðarinnar greiddur finnanda en hinn landeiganda.

Útgjöld samkvæmt grein þessari skulu greidd úr ríkissjóði.

28. gr.

Kostnaður við rannsóknir.

Kostnaður Minjastofnunar Íslands vegna vettvangsskönnunar á fornminjum sem gerð er í þeim tilgangi að staðfesta eðli og umfang þeirra skal greiddur af stofnuninni.

Framkvæmdaraðili greiðir kostnað við þær rannsóknir á fornleifum og vettvangsskráningu sem Minjastofnun Íslands ákveður að séu nauðsynlegar vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Einstaklingar sem standa fyrir minniháttar framkvæmdum geta sótt um styrk til Minjastofnunar Íslands til að standa straum af kostnaði við nauðsynlegar rannsóknir. Nánar skal kveða á um þetta í reglugerð.³³

Minjastofnun Íslands er heimilt að leiðbeina framkvæmdaraðilum um fagleg atriði, sé þess óskað.

VII. KAFLI

Verndun og varðveisla húsa og mannvirkja.³⁴

29. gr.

Friðuð mannvirki.

Öll hús og mannvirki sem eru 100 ára eða eldri eru friðuð.³⁵

Óheimilt er að raska friðuðum húsum og mannvirkjum, spilla þeim eða breyta, rífa þau eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.

³³ Líkt og í nágildandi lögum (107/2001) verður að gera ráð fyrir því að ríkið hlupi undir bagga vegna rannsóknarkostnaðar einstaklinga í minniháttar framkvæmdum. Í greinargerð með þessu frumvarpi segir að þessir aðilar geti sótt um í fornleifasjóð til að mæta þessum kostnaði. Við teljum þá ráðstöfun óheppilega þar sem í þeim sjóði er lítið til skiptanna til vísindarannsókna og oft þarf að mæta kostnaði við neyðarrannsóknir sem þessar með litlum fyrirvara. Hér er um mikið hagsmunamál að ræða fyrir allan almenning og teljum við mikilvægt að kveða skýrt á um þennan rétt fólks til að sækja um styrk til MÍ. Gera verður ráð fyrir þessum kostnaði þegar fjárheimildir eru ákveðnar til stofnunarinnar á fjárlögum.

³⁴ Breytingar í þessum kafla lúta að niðurfellingu *friðlýsingarhugtaksins*.

³⁵ Álitamál er hvort miða skuli við ártalið 1900 eða mannvirki sem orðin eru 100 ára. Mikilvægt er að sama regla gildi um fornleifar, forngripi, hús og önnur mannvirki.

AG KH
EH MIM
OV H-S

Minjastofnun Íslands er heimilt að afnema friðun sem byggist á aldursákvæðum þessarar greinar.

30. gr.

Verndun annarra húsa og mannvirkja.

Eigendum húsa og mannvirkja sem ekki njóta friðunar en byggð voru 1925 eða fyrr, svo og forráðamönnum kirkna sem reistar voru 1940 eða fyrr, er skylt að leita álits hjá Minjastofnun Íslands með minnst sex vikna fyrirvara ef þeir hyggjast breyta þeim, flytja þau eða rífa. Minjastofnun Íslands skal innan fjögurra vikna frá því að erindi berst tilkynna viðkomandi aðilum um álit sitt. Stofnuninni er heimilt að leggja til skilyrði um slíkar framkvæmdir eða gera tillögu um friðun umrædds húss eða mannvirkis.

Byggingarfulltrúum ber að fylgjast með því að eigendur húsa og mannvirkja, svo og forráðamenn kirkna, sem fjallað er um í þessari grein leiti eftir áliti Minjastofnunar Íslands áður en leyfi er veitt til framkvæmda.

Álit Minjastofnunar Íslands skal liggja fyrir áður en byggingarleyfi er veitt til framkvæmda sem fjallað er um í þessari grein. Í byggingarleyfi skal taka tillit til skilyrða sem Minjastofnun leggur til í áliti sínu. Sama á við um útgáfu framkvæmdaleyfis samkvæmt skipulagslögum.

31. gr.

Friðuð hús og mannvirki.

Óheimilt er að gera nokkrar breytingar á friðuðu húsi eða mannvirki án samþykkis Minjastofnunar Íslands.³⁶ Við endurbætur og viðhald friðaðar húsa og mannvirkja skal leita álits og ef til þarf leyfis Minjastofnunar Íslands með minnst sex vikna fyrirvara.

Vilji eigandi friðaðrar eignar ráðast í framkvæmd sem leyfi þarf til skal hann í umsókn sinni til Minjastofnunar Íslands lýsa fyrirhuguðum framkvæmdum og láta uppdrátt fylgja. Stofnunin skal svo fljótt sem við verður komið og í síðasta lagi innan fjögurra vikna frá því að umsókn berst gera eiganda grein fyrir afstöðu sinni. Setji stofnunin það skilyrði fyrir samþykki sínu að verk sé framkvæmt á tiltekinn annan hátt en tilgreindur er í umsókn er eiganda skylt að hlíta því. Sæki eigandi um styrk úr húsafriðunarsjóði vegna aukakostnaðar sem hlýst af tilmælum stofnunarinnar skal hann njóta forgangs eftir því sem skyldur sjóðsins og fjárreiður leyfa.³⁷

Leyfi stofnunarinnar þarf til að setja skilti eða aðrar áletranir á friðað hús eða mannvirki.

Brot á ákvæðum greinarinnar sæta viðurlögum skv. 177. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940.

32. gr.

Spjöll á friðuðu húsi eða mannvirki.

Verði friðað hús eða mannvirki fyrir spjöllum af eldi eða öðrum ástæðum skal eigandi eða sá er afnot hefur af mannvirkinu gera Minjastofnun Íslands viðvart um það þegar í

³⁶ Mikilvægt að samþykki Minjastofnunar þurfi að liggja fyrir. Í drögum að frumarpinu segir að óheimilt sé að breyta friðuðu húsi án vitunar Minjastofnunar. Ætla verður að þetta sé handvömm.

³⁷ Hér er felld út málsgreinin: *Kostnaður sem hlýst af skilyrðum sem Minjastofnun Íslands setur, sbr. 2. mgr., greiðist úr húsafriðunarsjóði.* Í málsgreininni á undan segir að viðkomandi eigi að njóta forgangs eftir því sem skyldur og fjárreiður sjóðsins leyfa.

AG
EH
OV H.S.

stað. Lætur stofnunin þá fara fram skoðunargerð og mat á spjöllum. Ef ráðist verður í endurbyggingu eða endurgerð gilda ákvæði 31. gr.

33. gr.
Úrræði.

Ef breytingar hafa verið gerðar á friðuðu húsi eða mannvirki án leyfis Minjastofnunar Íslands getur stofnunin mælt svo fyrir að eigandi skuli færa það í fyrra horf innan hæfilegs frests.

Ef viðhald friðaðs húss eða mannvirkis er vanrækt getur Minjastofnun Íslands lagt fyrir eiganda að gera umbætur innan hæfilegs frests. Líði sá frestur án þess að úr sé bætt getur stofnunin látið framkvæma nauðsynlegt viðhald og umbætur á kostnað eiganda eða lagt á dagsektir, sbr. 55. gr.

34. gr.

Niðurrif eða flutningur á friðuðu húsi eða mannvirki.

Vilji eigandi friðaðs húss eða mannvirkis rífa það eða flytja skal hann sækja um niðurfellingu friðunar til Minjastofnunar Íslands áður en sótt er um byggingarleyfi hjá viðkomandi sveitarfélagi. Stofnunin skal svo fljótt sem við verður komið og í síðasta lagi innan fjögurra vikna frá því að umsókn berst ákveða hvort fallist er á niðurfellingu friðunar. Ef umsókninni er hafnað getur eigandi áfrýjað þeirri ákvörðun til ráðherra.

35. gr.
Eftirlit.

Ef byggingarfulltrúi sveitarfélags verður var við að friðað hús eða mannvirki hafi orðið fyrir spjöllum eða að því sé ekki vel við haldið skal hann gera Minjastofnun Íslands viðvart án tafar.

Minjastofnun Íslands hefur rétt til að framkvæma eiganda að kostnaðarlausu hvers konar eftirlit með friðuðu húsi og mannvirki og skoðanir sem gera þarf vegna ákvæða þessa kafla.

VIII. KAFLI
Rannsóknir.

36. gr.

*Fornleifauppgröftur.*³⁸

Sækja skal um leyfi til Minjastofnunar Íslands til allra fornleifauppgraffa þar með talið þeirra sem orsakast af rannsóknum með málmleitartækjum.³⁹ Stjórnandi slíkra rannsókna skal hafa menntun á framhaldsstigi⁴⁰ í fornleifafræði og uppfylla skilyrði sem Minjastofnun Íslands setur fyrir veitingu leyfa til fornleifauppgraffa.⁴¹

³⁸ Breyting sem lýtur að fornleifagrefti. Ekki er talin þörf á því að fornleifarannsókn sem ekki hefur í för með sér eyðingu á fornleifum sé háð leyfi frá Minjastofnun eða að nauðsynlegt sé að tilkynna um allar fornleifarannsóknir.

³⁹ Óheft notkun málmleitarækja er áhyggjuefni og nauðsynlegt að taka skýrt fram að þeir sem nota slík tæki eru leyfisskyldir ef þeir hyggja á uppgröft.

⁴⁰ Með auknum fjölda fornleifafræðinga í landinu er óhætt að gera meiri kröfur um menntun þeirra.

⁴¹ Þeir sem hafa þegar hafa stjórnað rannsóknum á fullnægjandi hátt, halda þeim rétti þótt þeir hafi ekki menntun á framhaldsstigi.

AG
EH
OV H.S.

Óheimilt er að flytja úr landi sýni úr gripum, þar með talið beinum, nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.

Um tímabundinn flutning gripa úr yfirstandandi rannsóknum úr landi skal fara að ákvæðum XI. kafla.

Minjastofnun Íslands setur reglur um fornleifauppgrefti þar sem meðal annars er kveðið á um skilyrði fyrir veitingu leyfa til slíkra rannsókna, um lok þeirra, menntun þeirra sem starfa við þær og skil á gögnum, sýnum og gripum með þeim hætti sem stofnunin ákveður. Í slíkum reglum skal enn fremur kveðið á um frágang minjastaðar og birtingu skýrsla um rannsóknirnar.

37. gr.

Uppgrafterleyfi.

Umsókn um uppgrafterleyfi, sbr. 2. mgr. 36. gr., skal hafa borist Minjastofnun Íslands minnst fjórum vikum áður en fyrirhuguð rannsókn hefst. Stofnunin skal taka afstöðu til umsóknar um uppgrafterleyfi svo fljótt sem við verður komið en eigi síðar en tveimur vikum eftir að umsókn hefur borist. Stofnunin getur krafist viðbótarupplýsinga áður en umsókn er afgreidd.

Leyfi til fornleifauppgraftar er alla jafna veitt til eins árs. Minjastofnun Íslands er heimilt að veita rannsóknarleyfi til allt að þriggja ára ef rannsókn er umfangsmikil. Í slíkum tilfellum skal stjórnandi rannsóknar skila árlega áfangaskýrslu þar sem fram koma allar niðurstöður en einnig hugsanlegar breytingar á upphaflegri rannsóknaráætlun.

Þeim sem fær leyfi til fornleifauppgraftar ber að hlíta þeim reglum og skilyrðum sem stofnunin setur.

Minjastofnun Íslands er heimilt að veita takmarkað eða skilyrt leyfi til fornleifauppgraftar eða hafna umsókn og skal stofnunin þá rökstyðja ákvörðun sína.

38. gr.

Skyndirannsóknir.

Komi áður óþekktar minjar í ljós við framkvæmdir eða með öðrum hætti skal Minjastofnun Íslands meta eðli þeirra og umfang og hvort frekari rannsókna sé þörf. Kostnaður af slíku mati greiðist af stofnuninni. Stofnunin getur falið öðrum framkvæmd skyndirannsókna af þessu tagi.

39. gr.

Rannsókn þjóðminja.

Markmið þess að taka minjar eða minjasvæði á þjóðminjaskrá er að tryggja sem best varðveislu þeirra til framtíðar. Rannsóknir á slíkum stöðum skulu því taka mið af því megin markmiði.⁴²

⁴² Hér er um áherslubreytingu að ræða frá frumvarpinu. Efnislega stendur óhaggað að hámarksvarúð skuli viðhöfð þegar um þjóðminjar er að ræða.

AG
EH
OV H.S.

40. gr.
Lok fornleifauppgraffar.

Fornleifauppgræfti telst lokið þegar gengið hefur verið frá minjastað í samræmi við reglur Minjastofnunar Íslands, gögnum skilað og birt skýrsla um niðurstöður rannsóknarinnar innan tímamarka sem skilgreind eru í rannsóknarleyfi.⁴³

Öllum gripum og sýnum sem finnast við fornleifarannsóknir skal skilað til Þjóðminjasafns Íslands ásamt skráum yfir þau í því formi sem safnið ákveður.

Öll frumgögn og rannsóknarskýrslur skal afhenda Þjóðminjasafni Íslands til varðveislu, sbr. 3. gr. laga um Þjóðminjasafn Íslands, í því formi sem Minjastofnun Íslands ákveður í samráði við Þjóðminjasafn Íslands. Afriti af rannsóknarskýrslum skal skilað til Minjastofnunar Íslands í því formi sem stofnunin ákveður.

Standi rannsóknaraðili ekki skil á gripum, sýnum, frumgögnum og rannsóknarskýrslum í samræmi við ákvæði 2. og 3. mgr. fyrirgerir hann rétti sínum til rannsóknarleyfis.⁴⁴

IX. KAFLI
Minningarmörk.

41. gr.
Friðun minningarmarka.

Minjastofnun Íslands hefur umsjón og eftirlit með friðuðum legsteinum og öðrum minningarmörkum í kirkjugörðum landsins ásamt friðuðum minningarmörkum utan þeirra.

Stofnunin ákveður að höfðu samráði við kirkjugarðaráð, sem starfar samkvæmt lögum um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu, nr. 36/1993 friðun legsteina eða annarra minningarmarka í kirkjugörðum sem stofnunin telur rétt að vernda vegna sögulegs eða listræns gildis þeirra. Á þetta við um minningarmörk í aflögðum kirkjugörðum og einnig í görðum sem eru enn í notkun.

Minjastofnun Íslands heldur skrár yfir friðaða legsteina og önnur minningarmörk og skulu slíkar minjar í hverjum kirkjugarði skráðar sérstaklega. Skulu upplýsingar úr skránum látnar í té sóknarprestum, próföstum eða kirkjugarðastjórnnum sem hlut eiga að máli.⁴⁵

X. KAFLI
Menningarminjasjóðir.

42. gr.
Fomminjasjóður.

⁴³ Tímarammi verður ákvarðaður með hliðsjón af eðli og umfangi hvernar rannsóknar.

⁴⁴ Áherslubreyting. Ótvírætt aðhald er í því að brestur á skilvísi valdi því að fornleifafræðingar fái ekki frekari leyfi og gerir ákv. um dagsektir sbr. 55. gr óþörf.

⁴⁵ Lögð er til einföldun á stjórnsýslu sem varðar minningarmörk og m.a. felld niður ákv. um þinglýsingu. Í raun gilda sömu reglur um minningarmörk og um aðrar minjar en ástæða er til að geta þeirra sérstaklega vegna samráðs við kirkjugarðayfirvöld.

JG
Ett minn
OV H-S

Fornminjasjóður hefur það hlutverk að stuðla að varðveislu og rannsóknum á fornminjum. Sjóðurinn veitir styrki til rannsókna á fornminjum, þar á meðal til fornleifaskráningar, miðlunar upplýsinga um þær og til varðveislu og viðhalds á fornminjum. Sjóðnum er einnig heimilt að veita styrki til viðhalds annarra menningarminja sem hafa menningarsögulegt, vísindalegt eða listrænt gildi, t.d. minja sem njóta ekki friðunar á grundvelli aldurs en teljast hafa varðveislugildi, svo sem skipa, báta og annarra samgöngutækja.

Styrkir úr fornminjasjóði eru ákveðnir í samræmi við úthlutunarreglur, sbr. 2. mgr. 8. gr.

Tekjur fornminjasjóðs eru:

- a. framlag ríkissjóðs eftir því sem ákveðið er í fjárlögum,
- b. önnur framlög.

Heimilt er að krefjast endurgreiðslu hafi verkefni sem hlotið hefur styrk ekki verið unnið í samræmi við umsókn og þau gögn sem styrkveiting var byggð á, verkefnið ekki verið unnið samkvæmt skilmálum sjóðsins eða lokaskýrslu ekki verið skilað innan árs frá áætluðum lokum verkefnis.

43. gr.

Húsafriðunarsjóður.

Húsafriðunarsjóður hefur það hlutverk að stuðla að varðveislu og viðhaldi friðaðra húsa og mannvirkja. Sjóðurinn veitir styrki til viðhalds og endurbóta á friðuðum húsum og mannvirkjum. Sjóðnum er einnig heimilt að veita styrki til viðhalds annarra mannvirkja sem hafa menningarsögulegt, vísindalegt eða listrænt gildi. Sjóðnum ber að stuðla að byggingarsögulegum rannsóknum, þar með talið skráningu húsa og mannvirkja, og miðlun upplýsinga um þær.

Styrkir úr húsafriðunarsjóði eru ákveðnir í samræmi við úthlutunarreglur, sbr. 2. mgr. 9. gr.

Tekjur húsafriðunarsjóðs eru:

- a. framlag ríkissjóðs eftir því sem ákveðið er í fjárlögum,
- b. framlag sveitarfélaga sem greiðist úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga og skal miðað við að það nemi 150 kr. á hvern íbúa hlutaðeigandi sveitarfélags,
- c. önnur framlög.

Styrkir til einstaklinga úr húsafriðunarsjóði mynda ekki stofn til tekjuskatts.

Heimilt er að krefjast endurgreiðslu hafi verkefni sem hlotið hefur styrk ekki verið unnið í samræmi við umsókn og þau gögn sem styrkveiting var byggð á, verkefnið ekki verið unnið samkvæmt skilmálum sjóðsins eða lokaskýrslu hefur ekki verið skilað innan árs frá áætluðum lokum verkefnis.

XI. KAFLI

Flutningur menningarminja úr landi.

44. gr.

Þjóðarverðmæti sem hafa sérstakt gildi fyrir ísienska þjóðmenningu.

Ekki má flytja úr landi menningarminjar sem teljast til þjóðarverðmæta, sbr. 2. mgr. 2. gr., nema með samþykki ráðherra.

AG
SH
OV H.S.

45. gr.

Menningarminjar.

Ekki er heimilt að flytja úr landi aðrar innlendar eða erlendar menningarminjar sem hér eru taldar nema formlegt leyfi komi til, sbr. 47. gr.:

1. Forngripir skv. 3. gr., hvort sem þeir eru í eigu opinberra stofnana, fyrirtækja, félagasamtaka eða einstaklinga, án tillits til verðgildis.

2. Hluta úr listrænum, sögulegum eða trúarlegum minjum er losaðir hafa verið frá þeim og eldri eru en frá 1900, án tillits til verðgildis.

3. a. Málverk og handgerðar myndir, aðrar en þær sem getið er í b- og c-lið þessa töluliðar og 4. tölul., úr hvaða efni sem er, ef þær eru eldri en 50 ára og ekki í eigu höfunda þeirra.

b. Vatnslitamyndir, gvassmyndir, pastelmyndir og teikningar, gerðar í höndum að öllu leyti á hvaða efni sem er, ef þær eru eldri en 50 ára og ekki í eigu höfunda þeirra.

c. Frumeintök af stungum, þrykki, silkiprenti og steinprenti, ásamt tiiheyrandi plötum og frumgerð veggspjalda, séu verkin eldri en 50 ára og ekki í eigu höfunda þeirra.

4. Mósáikverk sem ekki falla undir 1. eða 2. tölul. og teikningar úr hvaða efni sem er séu myndverkin að öllu leyti handunnin, eldri en 50 ára og ekki í eigu höfunda þeirra.

5. Frumeintök höggmynda eða myndastyttna og eftirmyndir þeirra sem eru gerðar með sömu aðferð og frumeintökin séu verkin eldri en 50 ára og ekki í eigu höfunda þeirra, enda falli þau ekki undir 1. tölul.

6. Ljósmyndir og kvikmyndir og filmur eða glerplötur af þeim, enda séu þær eldri en 50 ára og ekki í eigu höfunda þeirra.

7. Bækur, prentaðar á Íslandi fyrir 1800, svo og íslensk handrit, eldri en frá árinu 1800, stök eða sem safn, án tillits til verðgildis.

8. Önnur handrit, þar með talin landabréf og raddskrár, stakar eða sem safn, sem eru eldri en 50 ára og ekki í eigu höfunda þeirra.

9. Aðrar bækur, eldri en 100 ára, stakar eða sem safn.

10. Prentuð landabréf, eldri en 200 ára.

11. Skjalasöfn hvers konar og hluta þeirra, úr hvaða efni sem er, svo sem dagbækur, handrit, skýrslur, fundargerðabækur og skissubækur, eldri en 50 ára.

12. Dýrafræðileg, grasfræðileg, jarðfræðileg eða líffræðileg söfn og safneintök og sömuleiðis söfn sem hafa gildi fyrir sagnfræði, steingervingafræði, mannfræði eða myntfræði.

13. Samgöngutæki og sérstök/söguleg atvinnutæki, eldri en 75 ára.

14. Aðrar íslenskar menningarminjar, sem ekki falla undir 1.–13. tölul., án tillits til verðgildis, þar á meðal húsgögn og innréttingar eða hluta úr þeim, frá 1900 eða eldri; hljóðfæri smíðuð á Íslandi, frá 1900 eða eldri; ílát, tæki og áhöld hvers konar úr tré, horni eða beini, með eða án útskurðar, frá 1900 eða eldri; búninga og fylgihluti þeirra, frá 1900 eða eldri; annan vefnað eða útsaum, frá 1900 eða eldri, og gripi úr silfri eða gulli, frá 1900 eða eldri.

15. Aðrar erlendar menningarminjar, svo sem húsgögn, búshluti og skrautmuni, hljóðfæri, úr og klukkur, mælitæki, vopn og muni úr gulli, silfri eða filabeini.

Ráðherra kveður í reglugerð á um lágmarksverðgildi þeirra menningarminja sem getið er í 3.–6., 8.–13. og 15. tölul. 1. mgr. Við mat á verðgildi skal miðað við áætlað

AG
EH
OV H.S.

markaðsverð hlutaðeigandi menningarminja hér á landi á þeim degi er umsókn um útflutningsleyfi berst Minjastofnun Íslands.

46. gr.

Umsókn um leyfi til flutnings.

Umsóknir um leyfi til flutnings menningarminja úr landi skulu sendar Minjastofnun Íslands.

Við mat á listrænu, sögulegu eða vísindalegu gildi menningarminja er hér um ræðir og verðmæti þeirra, svo og um meiri háttar álitaefni, skal Minjastofnun Íslands meðal annars hafa samráð við forstöðumenn þeirra safna og stofnana hér á landi er einkum varðveita þess konar muni sem mál snýst um hverju sinni.

Minjastofnun Íslands er heimilt að koma í veg fyrir flutning menningarminja úr landi, án tillits til aldurs þeirra og verðgildis, ef minjarnar teljast til þjóðarverðmæta, sbr. 2. gr., eða hafa að öðru leyti sérstakt gildi fyrir íslenska þjóðmenningu. Stofnunin getur stöðvað flutning þeirra úr landi um stundarsakir meðan leitað er umsagna sérfróðra manna, sbr. 2. mgr.

47. gr.

Leyfisveiting.

Minjastofnun Íslands skal veita leyfi til flutnings menningarminja úr landi skv. 45. gr. hafi þær ekki ótvírætt gildi fyrir íslenska þjóðmenningu.

Skylt er að veita leyfi til flutnings menningarminja úr landi í eftirfarandi tilfellum, jafnvel þótt þær hafi umtalsverða þýðingu fyrir menningararf þjóðarinnar:

- a. flytji eigandi þeirra búferlum til annars lands,
- b. hafi viðkomandi munir með arfi, arfleðsiu eða búskiptum komist í eigu einstaklings sem er búsettur erlendis,
- c. séu munir úr safni í eigu ríkisins eða annarrar opinberrar stofnunar fluttir tímabundið til útlanda,
- d. séu munir úr öðru safni fluttir tímabundið úr landi með samþykki forstöðumanns viðkomandi höfuðsafns,
- e. séu munir fluttir úr landi af einstaklingi í þeim tilgangi að nota við opinbera menningarviðburði og verði alla jafna fluttir aftur til Íslands innan eins árs frá flutningi úr landi,
- f. hafi munir af íslenskum uppruna verið fluttir tímabundið til Íslands með lögmætum hætti,
- g. hafi menningarminjar verið fluttar til Íslands með ólögmætum hætti frá öðru ríki og krafa um skil borist íslenskum stjórnvöldum, sbr. lög um skil menningarverðmæta til annarra landa.

Ákvæði 2. mgr. á ekki við um þjóðarverðmæti, sbr. 2. og 44. gr. menningarminjarsem eru upprunnar í öðru landi er heimilt að flytja frá Íslandi án sérstaks leyfis hafi þær verið fluttar til Íslands með lögmætum hætti fyrir 50 árum eða síðar.

48. gr.

Framkvæmd.

Minjastofnun Íslands annast framkvæmd ákvæða þessara laga um flutning menningarminja úr landi fyrir hönd íslenska ríkisins. Stofnunin veitir formleg leyfi til

AG
EH
OV
H.S.

flutnings menningarminja úr landi skv. 45. og 47. gr. og þjóðarverðmæta skv. 44. gr. Um framkvæmd leyfisveitinga, m.a. um form leyfisskjala, skal farið að nánari reglum sem Minjastofnun Íslands setur og ráðherra staðfestir.

Við flutning menningarminja úr landi skal sá er flytja vill menningarverðmæti úr landi framvísa formlegu leyfisbréfi til tollyfirvalda sem staðfestir leyfi til flutningsins með áritun og stimpli.

Tollyfirvöld skulu án tafar tilkynna Minjastofnun Íslands um menningarminjar sem reynt hefur verið að flytja úr landi án tilskilinna leyfa.

49. gr.

Ágreiningur.

Ágreiningi um leyfisveitingu eða synjun um flutning á menningarminjum úr landi má skjóta til ráðherra. Verður þá ekki af flutningi fyrr en ráðherra hefur heimilað hann og lagt fyrir Minjastofnun Íslands að gefa út leyfisbréf þar að lútandi.

50. gr.

Kröfur til erlendra ríkja um skil menningarminja.

Minjastofnun Íslands ber fram kröfur til hlutaðeigandi stjórnvalda erlendis um skil menningarminja hafi þær verið fluttar frá Íslandi með ólögumætum hætti, sbr. 44. og 45. gr. og tilskipun ráðsins 93/7/EBE, með síðari breytingum, ásamt lögum nr. 2/1993, um Evrópska efnahagssvæðið, og veitir þeim viðtöku fyrir hönd réttra eigenda eða vörslumanna hérlendis.

Minjastofnun Íslands skal krefjast skila á menningarminjum sem fluttar hafa verið ólöglega frá Íslandi til annars aðildarríkis Evrópska efnahagssvæðisins frá 1. janúar 1995.

4. ÞÁTTUR

Önnur ákvæði.

XII. KAFLI

Almenn ákvæði.

51. gr.

Málsmeðferð.

Ákvarðanir Minjastofnunar Íslands skv. 20., 23., 24., 28., 42. og 43. gr. eru endanlegar á stjórnarsýslustigi og sæta ekki kæru til ráðherra.

52. gr.

Skrár.

Minjastofnun Íslands skal birta þær skrár sem stofnuninni ber að færa samkvæmt lögum þessum.

53. gr.

Skaðabætur.

Kröfum um skaðabætur vegna framkvæmdar á ákvæðum V.–VIII. kafla í lögum þessum skal beint til Minjastofnunar Íslands. Ef samkomulag næst ekki um bætur skulu þær ákveðnar eftir reglum laga um framkvæmd eignarnáms.

AG
EH
OV H.S.

54. gr.

Niðurfelling gjalda.

Ekki ber að greiða stimpilgjöld eða þinglýsingargjöld af skjölum sem eru gefin út vegna framkvæmdar á lögum þessum.

55. gr.

*Dagsektir.*⁴⁶

Minjastofnun Íslands getur lagt allt að 300.000 kr. dagsekt, fyrir hvern byrjaðan dag, á þann sem vanrækir að:

- a. verða við áskorun stofnunarinnar um að stöðva framkvæmdir í allt að fimm virka daga vegna fundar áður ókunnra fornminja skv. 2. mgr. 24. gr.,
- b. viðhalda friðlýstu húsi eða mannvirki eins og stofnunin hefur lagt fyrir eiganda að gera innan hæfilegs frests skv. 33. gr.,
- c. Ákvarðanir Minjastofnunar Íslands um dagsektir eru aðfararhæfar. Innheimtar dagsektir renna til ríkissjóðs að frádregnum kostnaði við innheimtuna.

Óinnheimtar dagsektir falla ekki niður þó að aðili sinni síðar þeim skyldum sem á honum hvíldu nema Minjastofnun Íslands ákveði það sérstaklega.

56. gr.

Viðurlög.

Brot gegn ákvæðum 1. og 2. mgr. 16. gr., 1. og 2. mgr. 21. gr., 22. gr., 3. mgr. 23. gr., 1. mgr. 24. gr., 1. mgr. 26. gr., 2. mgr. 29. gr., 1. mgr. 30. gr., 1. og 2. mgr. 31. gr., 34. gr., 36. gr., 1. og 2. mgr. 40. gr., 4. mgr. 41. gr., 44. gr. og 45. gr. varða sektum til ríkissjóðs nema þyngri refsing liggja við broti skv. 177. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940.

Um meðferð mála samkvæmt þessari grein fer eftir lögum um meðferð sakamála.

57. gr.

Reglugerðarheimild.

Ráðherra er heimilt að setja í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara í heild eða einstakra kafla þeirra.

XIII. KAFLI

Gildistaka og lagaskil.

58. gr.

Gildistaka.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2013. Frá þeim degi falla úr gildi lög um húsafriðun, nr. 104/2001, lög um flutning menningarverðmæta úr landi og um skil menningarverðmæta til annarra landa, nr. 105/2001, og þjóðminjalög, nr. 107/2001.

59. gr.

Breytingar á öðrum lögum.

⁴⁶ Þrjú liðir sem dagsektir náðu til hafa verið fluttir í 56 gr. Viðurlög. Viðurlög við því að standa ekki skil á gögnum hafa verið hert sbr. 40. gr. Markiðum þeim sem ákvæðið um dagsektir var ætlað að ná teljum við leyst með þessum hætti.

AG
EH
OV
H.S.

Við gildistöku laga þessara verða eftirfarandi breytingar á öðrum lögum:

a. Á eftir 5. mgr. 13. gr. skipulagslaga, nr. 123/2010, kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

Áður en sveitarstjórn gefur út framkvæmdaleyfi skv. 15. gr. skal gætt, eftir því sem við á, ákvæða IV. og VI. kafla laga um menningarminjar.

b. Við 13. gr. laga um mannvirki, nr. 160/2010, bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Óheimilt er að gefa út byggingarleyfi fyrir mannvirki sem fellur undir IV., VI. og VII. kafla laga um menningarminjar fyrr en álit Minjastofnunar Íslands liggur fyrir.

c. F-liður 10. gr. laga nr. 4/1995, um tekjustofna sveitarfélaga, orðast svo: Til greiðslu framlaga sveitarfélaga í húsafriðunarsjóð skv. 43. gr. laga um menningarminjar.

Ákvæði til bráðabirgða.

Við gildistöku laga þessara tekur Minjastofnun Íslands yfir réttindi, eignir og skuldbindingar Húsafriðunarnefndar og Fornleifaverndar ríkisins. Í því felst meðal annars að starfsmenn framangreindra stofnana verða starfsmenn Minjastofnunar Íslands. Ákvarðanir sem þessir aðilar hafa tekið halda gildi sínu.

Embætti forstöðumanna Fornleifaverndar ríkisins og Húsafriðunarnefndar eru lögð niður við gildistöku laga þessara.

Fram til 1. janúar 2013 er ráðherra heimilt að undirbúa gildistöku laga þessara meðal annars með því að auglýsa stöðu forstöðumanns Minjastofnunar Íslands og stofna til nauðsynlegra samninga í því sambandi. Forstöðumanni er heimilt að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að undirbúa starfsemi stofnunarinnar, þar á meðal að ráða starfsmenn.

Umboð fornleifanefndar, stjórnar fornleifasjóðs og húsafriðunarnefndar fellur niður við gildistöku laga þessara.

JG KAP
EH Múnn
OV H.S.